

# Fullkomin skip bætast í flotann

● Nýr Kaldbakur væntanlegur til Akureyrar í dag ● Fyrsta af fjórum systurskipum sem smíðuð eru í Tyrklandi ● Mikil fjárfesting ● Miðað við að Kaldbakur kosti um 2,4 milljarða kominn á veiðar

Ágúst Ingi Jónsson  
aij@mbl.is

Kaldbakur EA 1, nýr ísfisktogari Útgerðarfélags Akureyringa, er væntanlegur til Akureyrar fyrir hádegi í dag, laugardag, og er gestum boðið að skoða skipið frá klukkan 12-15. Skipið er hið fyrsta af fjórum systurskipum sem smíðuð eru hjá Cemre-skipasmíðastöðinni og fara tvö til Akureyrar, eitt á Dalvík og eitt til Sauðárkróks. Kristján Vilhelmsson, útgerðarstjóri, Samherja, segir að skipin séu tæknilega fullkomin og áhersla hafi verið lögð á hagkvæmni í orkunýtingu.

## Búnaður settur í skipið á Akureyri

Á næstu vikum verður búnaður settur upp á vinnsludekki Kaldbaks og verður það verk unnið í umsjón Slípsins á Akureyri. Reiknað er með að Kaldbakur fari til veiða í kringum sjómannaðag í byrjun júní. Skipstjórar verða Sigtryggur Gíslason og Angantýr Arnar Árnason, yfirvélstjóri er Hreinn Skúli Erhartsson. Alls verða 13-15 manns í áhöfn, misjafnt eftir verkefnum.

Kaldbakur hélt frá Ístanbúl fyrir tveimur vikum og hefur heimsiglingin gengið vel að sögn Kristjáns. Í Biskajafloa og norður undir Írland lenti skipið í brælu, rétt til að prófa skipið, sem reyndist hið besta, að sögn Kristjáns.

Hann segir að kominn hafi verið tími á endurnýjun skipa Samherja og ÚA, sem hafa verið með þrjá ísfisktogara sem eru á milli 40 og 50 ára gamlir. Gamli Kaldbakur kom til landsins í desember 1974, Björgúlfur var smíaður 1977 og Snæfell 1968. Nýr Björgúlfur EA 312 er væntanlegur til Samherja í byrjun júní, þriðja skipið er nýsmíði FISK Seafood á Sauðárkróki og er væntanlegt síðsumars. Fjórða skipið er væntanlegt til Samherja fyrir áramót.

Kristján segir að með því að fyrirtækin hafi sameinast um smíði á fjórum skipum hafi tekist að ná hag-



Til heimahafnar Reiknað er með að Kaldbakur sigli inn Eyjafjörð í dag og verður skipið til sýnis frá klukkan 13-15.



Ijósmynd tag with dummy text.

**Umsvif Unnið hefur verið að smíði á fjórum ísfisktogurum fyrir íslensk fyrirtæki hjá Cemre í Tyrklandi, næst er Björgúlfur, til vinstri í slíppnum er skip Fisk Seafood og til hægri er Kaldbakur skömmu fyrir heimför.**

stæðari samningum en ella. Samningurinn hafi verið upp á 15,7 milljónir evra fyrir hvert skip, en Kristján segist miða við að með kostnaði við hönnun, eftirlit og bün-

aði verði Kaldbakur kominn á veiðar fyrir um 2,4 milljarða króna.

„Skipin verða á allan hátt mjög vel búin,“ segir Kristján. „Mesti ávinningurinn að okkar mati er skrokk-

lagið, þetta sérkennilega stefni sem margir hafa velt fyrir sér, en einnig allt skrokklagið og ekki sist mjög gott sjóstreymi að tiltölulega stórrí skrófu.

## Tíu togarar

» Á þessu ári eru fjórir nýir ísfisktogarar væntanlegir frá Cemre í Tyrklandi til ÚA, Samherja og Fisk Seafood.

» Í síðasta mánuði kom Engey RE, nýsmíði HB Granda, til landsins einnig frá Tyrklandi. Þar er verið að smíða tvo aðra ísfisktogara, Akurey og Viðey, fyrir fyrirtækið.

» Í Kína er verið að smíða ísfisktogara fyrir Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum og Hraðfrystihúsið-Gunnvöru í Hnífsdal, Breka VE og Pál Pálsson ÍS. Vonast er til að skipin verði afhent í apríl, en heimsigling tekur síðan um tvo mánuði.

» Loks er verið að smíða stóran frystitogara fyrir Ramma í Fjallabyggð, Sólberg ÓF 1, í Tersan-skipasmíðastöðinni í Tyrklandi.

## Stefnið sparar orku

Efri hlutinn á hefðbundnu stefni eins og hafa verið notuð töluvert lengi gengur langt fram og gerir það að verkum að stefnið veltir öldunni frá sér þegar það stingst í hana, en í það fer mikil orka. Stefni eins og á nýju skipunum hleypir öldunni upp á nefið á stefninu án þess að brjóta hana og í því er fölginn mikill orkusparnaður. Skip eru oft eins og fegurðardísir í augum eigendanna, en við horfum framhjá því með þessum skipum og leggjum áherslu á hagkvæmni og að skipið fari vel í sjó,“ segir Kristján.

Kaldbakur EA 1 er 62 metrar að lengd og 13,5 metra breiður. Skipið er hannað af Verkfræðistofunni Skipatækni, Bárði Hafsteinssyni, starfsmönnum Samherja og sérfræðingum sem þjónusta flota Samherja.